

Nd.

177. Tillaga

til þingsályktunar um hæstaréttardómaraembættið, sem nú er laust.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á dómsmálaráðherra að veita Lárusi H. Bjarnason hæstaréttardómaraembætti það, sem nú er laust, ef hann er fánlegur til að taka við því.

Greinargerð.

Það er nú kunnugt orðið, að dómsmálaráðherra hefir notað sér ákvæði 57. gr. stjórnarskrárinnar til þess að veita Lárusi H. Bjarnason lausn frá hæstaréttardómaraembætti, um það leyti, sem hann varð 65 ára. Það er einnig kunnugt, að þessi dómari er við svo góða heilsu, að hann á ekki erfitt með að gegna embættinu áfram, og dómaraþæfileikar hans hafa mér vitanlega ekki verið dregnir í efa. Hinsvegar verður samkvæmt stjórnarskránni að greiða honum full laun, þótt hann starfi ekkert í þágu ríkisins. Þetta munar 8000 kr. á ári auk dýrtíðaruppbótar fyrir rikissjóð, ef embættið verður veitt öðrum, og sýnist full ástæða til að spara þá fjárhæð og um leið tryggja æðsta dómstólinum í landinu starf þessa þaulæfða og lærða dómara, meðan kraftar hans endast. Þetta mun þó ekki unnt að gera nema með samþykki hans, þar sem honum hefir þegar verið veitt lausn gegn vilja hans. Fyrir því er ætlazt til, að honum verði boðið embættið aftur.